



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið


Reykjavík, 14. júní 2018

SFS2018040046

0.0

ADG/DÁ, GEB, KHÓ,HHV

Skrifstofa borgarstjórnar
Bjarni Þóroddsson
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík



Umsögn skóla- og frístundasviðs við tillögu um aukin atvinnutækifæri unglinga - tilvísun í mál R18020254

Starfsmenn á fagskrifstofu SFS fóru yfir tillöguna frá Ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og eru almennt jákvæðir gagnvart henni en taka undir með mannauðsdeild Reykjavíkurborgar um að það þurfi að vanda til verka og taka tillit til laga og reglna sem gilda um atvinnu ungmenna og aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Verkefnið er því miður ekki til þess fallið að koma til móts við manneklu á starfsstöðum SFS þar sem ekki er um sjálfráða einstaklinga að ræða og lögð er áhersla á að ungmenni megi ekki bera of mikla ábyrgð í sínum störfum þegar fyrstu skref eru tekin á vinnumarkaði. Verkefnið myndi þó gefa tækifæri til að kynna starfsvettvanginn, fá inn ný og fersk sjónarmið og auðga og lífga upp á starfið á viðkomandi starfsstað.

Þar sem heimilt er að ráða börn 14 ára og eldri til vinnu sem er hluti af fræðilegu eða verklegu námsfyrirkomulagi en almennt ekki heimilt að ráða börn undir 15 ára aldri til vinnu samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er talið rétt að líta frekar til þess að ungmenni sem koma að þessu verkefni séu 15 ára eða eldri. Eins og fram kemur í umsögn mannauðsdeildar Reykjavíkurborgar um atvinnu ungmenna frá 15-18 ára aldurs er heimilt að ráða þá einstaklinga til starfa svo lengi sem aðstæður ógna ekki öryggi þeirra og heilsu.

Til þess að koma til móts við þessi aldursviðmið í lögnum kom upp sú hugmynd að bjóða upp á einhvers konar atvinnulífsfræðslu sem valgrein að hausti í 10. bekk þar sem ákveðinn undirbúningur ætti sér stað (s.s. gerð ferilskrár, atvinnuviðtöl, fræðsla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og heimsóknir á vinnustaði) og svo gefinn kostur á vinnu með skóla nokkrar klukkustundir á viku eftir áramót þann sama vetur en þá eru unglingarnir komnir á 16. ár. Þarna mætti líta til samstarfs grunnskóla og félagsmiðstöðva við leikskóla, frístundaheimili og félagsstarf fyrir eldri borgara. Það gæti verið flóknara að fara inn á hjúkrunarheimilin þar sem þau eru rekin af ríki en skoða mætti slíkt þegar til lengri tíma er litið. Nokkur samstarfsverkefni af þessum toga hafa verið í gangi á milli grunn- og leikskóla og frístundastarfs auk tilraunaverkefnis hjá Vinnuskóla Reykjavíkur nú í sumar og gott væri að líta til þeirra verkefna og byggja á þeirri reynslu sem orðið hefur til þar.

Verkefni eins og þetta felur í sér viðbótarálag fyrir stjórnendur og/eða þá tengiliði sem taka það að sér. Skoða þyrfti að greiða stjórnendum/tengiliðum sérstaklega fyrir þátttöku í þessu verkefni og einnig þyrfti að undirbúa þessa aðila og veita þeim stuðning eftir þörfum. Skoða mætti að semja við ákveðna starfsstaði um að taka verkefnið að sér og setja þá skýra ramma


um fyrirkomulagið s.s. ábyrgð hvers og eins og viðfangsefni þátttakenda. Einnig þyrfti að vera með kynningu á viðkomandi starfsstað fyrir annað starfsfólk svo að allir séu upplýstir og meðvitaðir um markmið og fyrirkomulag verkefnisins. Mögulega þyrfti einnig að gera ráð fyrir viðbótarfjármagni vegna launagreiðslna til unglínganna en það gæti þó verið mismunandi eftir starfsstöðum.

Lagt er til að:

Óskað verði eftir umsögn um tillöguna frá umhverfis- og skipulagssviði vegna reynslu þeirra af því að starfrækja Vinnuskóla Reykjavíkur og einnig væri gott að skoða samráð og/eða samstarf við þá aðila sem hafa haft umsjón með atvinnutengdu úrræði fyrir unglíngum í grunnskólum borgarinnar en verkefnisstjóri yfir því verkefni er staðsettur í þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og tilheyrir því velferðarsviði. Skoða mætti sérstaklega í þessu samhengi reynsluna af tilraunaverkefni Vinnuskóla Reykjavíkur nú í sumar en unglíngum sem eru að ljúka 10. bekk gefst kostur á að starfa á leikskólum og í frístundastarfi í stað hefðbundinna garðyrkjustarfa.

Einnig er lagt til að myndaður verði starfshópur sem hefur það verkefni að koma með hugmynd að nánari útfærslu á tilraunaverkefni um atvinnulífsfræðslu sem valgrein í 10. bekk með möguleika á hlutastarfi með skóla í framhaldinu. Lagt er til að í slíkum starfshópi væru fulltrúar frá Vinnuskóla Reykjavíkur, atvinnutengdu námi (VEL), fagskrifstofu SFS, grunnskóla, frístundamiðstöð auk þess sem kalla mætti inn fulltrúa frá félagsstarfi eldri borgara, frá námsráðgjöfum grunnskólanna og aðra eftir þörfum. Einnig er mjög mikilvægt að fulltrúar frá ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða verði hafðir með í ráðum í vinnu starfshópsins og hugmynda og ráðgjafar leitað hjá þeim.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir
staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs